

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 83/2012

2012/EES/50/10

frá 30. apríl 2012

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2012 frá 30. mars 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu ⁽³⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 293, 11.11.2010, bls. 72.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XIII. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi texti bætist við í 12. lið (felldur brott):

„**32009 R 0470**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 (Stjtið. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Vísanir í aðrar gerðir í reglugerðinni teljast gildar að svo miklu leyti og í þeirri mynd sem slíkar gerðir hafa verið felldar inn í samninginn.
- b) EFTA-ríki er heimilt að fara þess á leit við stofnunina að hún gefi út álit samkvæmt 1. mgr. 9. gr., fyrstu málsgrein 11. gr., 1. mgr. 15. gr. og 2. mgr. 27. gr. Slíka beiðni skal fyrst senda framkvæmdastjórninni og skal hún, ef beiðnin telst hafa almennt gildi, framsenda hana stofnuninni til frekari meðferðar.“

2. Eftirfarandi texti bætist við í 13. lið (felldur brott):

„**32010 R 0037**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu (Stjtið. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 293, 11.11.2010, bls. 72.“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 207, 2.8.2012, bls. 27, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 43, 2.89.2012, bls. 31.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1.

3. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 15p (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB) og lið 15zb (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004):

„– **32009 R 0470**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 (Stjtið. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 470/2009 og (ESB) nr. 37/2010, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 293, 11.11.2010, bls. 72, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.